

Alþingi
Erindi nr. P 130/1809
komudagur 15.4.2004

Menntamálaráðuneytið
R-1
29 MAR 2004
TÍVAZMAR 04030109
Dd. 3.9



Menntamálaráðherra
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Menntamálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

HÁSKÓLI ÍSLANDS

REKTOR

Reykjavík, 26. mars 2004

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands nr. 41/1999. Frumvarpið er lagt fram að ósk Háskóla Íslands og tekur til nokkurra efnisatriða. Eitt þeirra varðar 3. mgr. 12. gr. laganna (1. gr. a í frumvarpinu) þar sem fjallað er um skipan dómnefnda til þess að dæma um hæfi umsækjenda um störf kennara og sérfræðinga.

Á fundi háskólaráðs 25. mars s.l. samþykkti ráðið að fela rektor að fara þess á leit við menntamálaráðherra að sá hluti lagabreytingarinnar sem fjallar um dómnefndir [3. mgr. 12. gr. laga um H.Í.] verði ekki afgreiddur á Alþingi að svo stöddu. Mjög mikilvægt er hins vegar fyrir Háskólann að önnur atriði frumvarpsins nái fram að ganga fyrir þinglok í vor.

Ástæða þessarar málaleitunar er sú, að málið hefur ekki hlotið þá umfjöllun innan Háskólans sem nauðsynleg er. Mikilvægt er að farið verði betur yfir efnisgreinina um skipan dómnefnda og fjallað um málið á háskólafundi í maí. Málið var til umfjöllunar á háskólafundi í september 2003, en frá þeim tíma hefur tillagan tekið nokkrum breytingum sem eru tilefni þessarar beiðni háskólaráðs um frekara svigrúm til að fara yfir efnisgreinina. Þetta hefur komið skýrt fram við undirbúning og kynningu á undanförunum vikum á drögum að breytingum á reglum fyrir Háskólann nr. 458/2000, sem nauðsynlegar eru verði 3. mgr. 12. gr. laganna um Háskólann breytt í samræmi við frumvarpið. Hér er um einkar mikilvægt efnisatriði að ræða sem varðar gæði háskólastarfsins. Markmiðið er að einfalda og stytta ráðningarferlið án þess að dregið verði úr kröfum til umsækjenda.

Um leið og óskað er eftir því að menntamálaráðherra fallist á þessa beiðni háskólaráðs er ítrekað að mjög mikilvægt er fyrir Háskólann að önnur atriði frumvarpsins nái fram að ganga fyrir þinglok í vor. Eitt þeirra varðar samruna Norrænu eldfjallastöðvarinnar og Raunvísindastofnunar Háskólans, en frágangur samnings þar um við Norrænu ráðherranefndina er eins og kunnugt er á lokastigi og miðað við að samruninn eigi sér stað 1. júlí 2004.

Virðingarfyllt

f.h. háskólarektors

Þorður Kristinnsson

framkv.stj.akademískrar stjórnsýslu